

Almennar upplýsingar um lyfjameðferð

á Barna- og unglíngageðdeild Landspítala (BUGL)



Þegar talin er þörf á lyfjameðferð vegna geðrænna einkenna, fá foreldrar og barn tíma hjá sérfræðilækni. Lyfjameðferð fyrir skjólstæðinga BUGL er ávallt í samráði við foreldra. Frá 12 ára aldri þarf að taka vaxandi mið af óskum unglingsins varðandi lyfjameðferðina.

Lyfjameðferð er oftast ekki eina meðferðin. Bestur árangur næst þegar lyfjameðferð er veitt samhliða annarri meðferð svo sem samtalsmeðferð, sálfræðimeðferð, færninámскеiði, fræðslunámскеiðum fyrir forráðamenn, sjúkra- og iðjubjálfun og listmeðferð eða öðrum stuðningsúrræðum við fjölskylduna í heild sinni.

Sum lyf sem lækna BUGL ávísá eru ætluð til notkunar fyrir fullorðna en hafa ekki verið skráð til notkunar fyrir börn og unglinga á Íslandi. Þeim er hins vegar ávísáð af því að komin er löng reynsla af notkun þessara lyfja á Íslandi og erlendis.

Læknir upplýsir foreldra um verkun og hugsanlegar aukaverkanir lyfjameðferðar en mikilvægt er að foreldrar kynni sér fylgiseðla lyfja.

**Mikilvægt er að foreldrar kunni skil á heiti lyfs,
skammtastærð og hvenær á að taka lyf.**

Eftirlit með lyfjameðferð

Reglulegt eftirlit þarf að vera með lyfjameðferðinni meðal annars til að ákvarða skammtastærð lyfsins. Þegar meðferðarskammtur hefur verið ákveðinn er eftirfylgd á 3–12 mánaða fresti.

Reynist lyf ekki hafa tilætlaða verkun eða óásættanlegar aukaverkanir koma fram, getur komið til greina að prófa annað lyf í samráði við sérfræðilækni barns.

Foreldrar þurfa að hafa samband við göngudeild BUGL ef upp koma einkenni hjá barni sem hugsanlega gætu tengst lyfjameðferðinni. Sérfræðilæknir barns mun hafa samband símleiðis og gefa barni nýjan tíma ef þörf er á.

Hægt er að óska eftir skömmtun í apóteki til þess að auka meðferðarhaldni og öryggi meðferðar. Foreldrar velja þá apótek sem veitir skömmtunarþjónustu og þurfa að gera samning við apótekið. Síðan er meðhöndlandi læknir barns látinn vita hvar þjónustan á að fara fram.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI, BUGL
MAÍ 2020
LSH - 1709

ÁBYRGÐARMAÐUR:
YFIRLÆKNIR BUGL

LJÓSMYND: SHUTTERSTOCK
HÖNNUN: SAMSKIPTAEILD